

# STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 2002

Nr. 41

66

22. janúar 2002

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Neskaupstað.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 11. janúar 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Fjarðabyggðar að hættumati fyrir Neskaupstað.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 42

22. janúar 2002

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 vegna áforma um stóriðju að Hrauni, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Við gildistöku aðalskipulagsbreytingar fellur úr gildi uppdrátturinn aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990-2000 frá 27. maí 1992, með áorðnum breytingum. Greinargerð aðalskipulags Reyðarfjarðar 1990-2010 verður áfram í gildi með þeim breytingum sem lýst er í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu þessari.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*